



SAMTÖK SVEITARFÉLAGA Á VESTURLANDI

Alþingi

b.t. umhverfis- og samgöngunefndar

Austurstræti 8 – 10

150 Reykjavík

Borgarnesi 08.06 2022

Efni: Umsögn um þingsályktunartillögu um byggðaáætlun 2022-2036, 563 mál

Vísað er til tölvupósts frá nefndasviði Alþingis, dags. 18. maí sl., þar sem óskað er eftir umsögn um tillögu að þingsályktun um stefnumótandi byggðaáætlun 2022 – 2036, 563. mál.

Almennt um tillöguna

Samtök sveitarfélaga á Vesturlandi (SSV) lýsa yfir ánægju sinni með fram komna tillögu að þingsályktun um stefnumótandi byggðaáætlun. Í aðdraganda hennar var gott samstarf á milli Byggðastofnunar og landshlutasamtakanna og ljóst að tekið hefur verið tillit til sjónarmiða og ábendinga sem komu frá landshlutasamtökunum. Það er brýnt að áfram verði gott samstarf þessara aðila, ekki síst varðandi vinnu við að koma aðgerðaráætlun byggðaáætlunar í framkvæmd.

Stjórn SSV tekur undir þá framtíðarsýn og lykilviðfangsefni sem koma fram í upphafi ályktunarinnar. Jafnframt eru markmið áætlunarinnar skýr að okkar mati og tökum við undir mikilvægi þeirra þriggja áhersluatriði sem sett eru í forgang til að stuðla að jákvæðri byggðaðróun:

- Jafna aðgengi að þjónustu
- Jafna tækifæri til atvinnu
- Stuðla að sjálfbærri þróun byggða um allt land.

Umsögn um aðgerðaráætlunina

Aðgerðaráætluninni er skipt í þrjú kafla; jöfnun á aðgengi að þjónustu, jöfnun tækifæra til atvinnu og sjálfbær þróun byggðar um allt land.

Varðandi þær aðgerðir sem listaðar eru upp í kafla A um jöfnun á aðgengi að þjónustu teljum við þær allar til þess fallnar að renna styrkari stöðum undir búsetu á landsbyggðinni. Við viljum sérstaklega taka undir mikilvægi þess að stutt verði við ljósleiðaravæðingu í minni þéttbýlisstöðum og með stuðningi Fjarskiptasjóðs og byggðaáætlunar verði sveitarfélögum gert

kleift að ljúka verkefninu. Haustþing SSV hefur ítrekað ályktað um jöfnun orkukostnaður, bæði hvað varðar dreifingu rafmagns og húshitunarkostnað og því er mikilvægt að byggðaáætlun stuðli að jöfnun orkukostnaðar. Eftir stendur að fjármagna þessa aðgerð. Samtök sveitarfélaga á Vesturlandi fagna því að byggðaáætlun veiti áfram stuðning til að þróa almenningssamgöngur á landsbyggðinni, en reynsla Vestlendinga af þessari aðgerð er mjög góð. Loks er rétt að nefna að í kaflanum um jöfnun þjónustu eru nokkrar aðgerðir sem snúa að velferðar- og menntamálum. Hvað varðar velferðarmálin sérstaklega þá hefði mátt setja inn aðgerð sem tekur á stærsta vanda velferðarmála á landsbyggðinni í dag að okkar mati sem er mönnunarvandi, en afar erfiðlega gengur að fá fagmenntað starfsfólk.

Í kafla B sem fjallar um jöfnun tækifæra til atvinnu viljum við sérstaklega draga fram mikilvægi verkefnisins um þrífösun á rafmagni og endurnýjun á dreifikerfi rafmagns. Það er ljóst að víða á Vesturlandi stefnir í að bændur geti ekki nútímavætt búskap sinn vegna skorts á þriggja fasa rafmagni og sömuleiðis er ekki mögulegt að byggja upp ferðaþjónustu á þessum stöðum þar sem þriggja fasa rafmagn er ekki til staðar. Einnig er tekið undir tillögu B2 sem fjallar um orkuskipti, en mikilvægt er að stjórnvöld styðji kröftuglega við orkuskipti á landsbyggðinni. Í kafla B eru einnig nokkrar tillögur sem fjalla um staðsetningu opinberra starfa á landsbyggðinni eða fólki gert kleift að sinna þeim þar. Stjórn SSV tekur heilshugar undir mikilvægi þess að sem flest opinber störf verði óstaðsett. Hins vegar er það líka mikilvæg aðgerð að dreifing opinberra starfa verði jöfnuð og viljum við benda sérstaklega á átaksverkefni sem Danir réðust nýverið í varðandi jöfnun á dreifingu starfa. Það er jákvætt að í byggðaáætlun séu tilgreindar aðgerðir sem snúa að eflingu menningar á landsbyggðinni. Að lokum er rétt að taka fram að það er mikilvægt að í byggðaáætlun sé aðgerð sem snýr að eflingu nýsköpunar á landsbyggðinni, en að okkar mati gengur hún of skammt og því brýnt að setja inn í byggðaáætlun fleiri aðgerðir er snú að nýsköpunar umhverfinu.

Í kafla C er fjallað um aðgerðir sem eiga að stuðla að sjálfbærri byggðaþróun. Líkt og í tveimur áður nefndum köflum tókum við undir þær aðgerðir sem þar eru tilgreindar. Aðgerðirnar C1 og C2 hafa að mati stjórnar SSV verið valdeflandi fyrir landshlutana og reynst vel til uppbyggingar og þá sérstaklega á þeim svæðum sem hafa staðið höllum fæti. Þessar tvær aðgerðir hafa til umráða mjög stóran hluta þess fjármagns sem veitt er til byggðaáætlunar og er það jákvætt að þær séu vel fjármagnaðar. Varðandi C1 þá teljum við mikilvægt að skilgreina betur og með skýrari hætti markmið aðgerðarinnar.

Stjórn SSV fagnar nýjum aðgerðum í byggðaáætlun sem snúa að umhverfis- og loftlagsmálum. Mikilvægt er að landsbyggðinni njóti sérstaks stuðnings við þá „grænu umbreytingu“ sem framundan er. Í nágrannaríkjum okkar s.s. á Norðurlöndunum er umræða um réttláta græna umbreytingu sem felst m.a. í því að sérstaklega verði horft til dreifibýlla svæða þar eða umbreytingin geti orðið mun erfiðari þar en í þéttbýli. Einnig má sjá í tillögu að byggðaáætlun aðgerðir sem tengjast þeim breytingum á samfélaginu sem fjórða iðnbyltingin hefur í för með sér. Stjórn SSV hefði hins vegar talið að þarna hefði mátt ganga lengra og ráðast í aðgerðir sem tengjast endur- og símenntun þannig að íbúar geti betur aðlagð sig þeim breytingum sem framundan eru í atvinnulífinu.


Fjármögnun byggðaáætlunar og fjárveitingar til byggðamála

Stjórn SSV lýsir yfir þungum áhyggjum af fjármögnun byggðaáætlunar og byggðamála almennt. Í þingsályktunartillögunni kemur fram að á næstu fimm árum lækki fjárveiting til byggðamála um 215 m.kr. Fjárveiting til byggðaáætlunar lækkar og það sama á við um fjárveitingar til sóknaráætlunar, reksturs Byggðastofnunar og framlag til atvinnuráðgjafar landshlutasamtakanna. Þetta þýðir í raun að minni peningar verða til ýmissa byggðatengdra verkefna sem skilgreindar eru í byggðaáætlun og til verkefna tengdum sóknaráætlunum landshlutanna. Jafnframt er verið að veikja stoðkerfið með lægri fjárveitingum til Byggðastofnunar og atvinnuráðgjafar. Í byggðaáætlun eru Byggðastofnun og landshlutasamtök sveitarfélaga víða skilgreind sem ábyrgðaraðilar eða samstarfsaðilar ýmissa verkefna, en þetta á einnig við um aðila eins og símenntunarmiðstöðvar landshlutanna. Þessir aðilar sem ásamt fleirum mynda stoðkerfi byggðaþróunar þurfa að hafa burði og fjármagn til þess að geta sinnt sínum störfum. Þess vegna mótmælum við eindregið lækkandi fjárveitingum til byggðamála.

Lokaorð

Byggðaáætlun er mikilvægt stjórnæki við uppbyggingu landsbyggðarinnar. Við trúum því að í gegnum samspil byggðaáætlunar og sóknaráætlana landshlutanna sé orðið til fyrirkomulag sem stuðli að öflugri byggðaþróun í samstarfi stjórnvalda og heimamanna. Vegna þessa skiptir miklu máli að ný byggðaáætlun sé metnaðarfull og í henni felist skýr markmið og mikilvægar aðgerðir. Við teljum að svo sé og því ríður á að hún fái stuðning og fjármögnun stjórnvalda.

f.h. Samtaka sveitarfélaga á Vesturlandi



Páll S. Brynjarsson

Framkvæmdastjóri SSV